

**Virkjanakostir og rennslisgögn. Samstarf VV  
og VM. Langtímaáætlun VOD**

**Hörður Svavarsson,  
Árni Snorrason,  
Kristinn Einarsson**

**VIRKJANAKOSTIR OG RENNSLISGÖGN**  
**Samstarf VV og VM**  
**Langtímaáætlun VOD**

Fundur um virkjanakosti og stöðu vatnamælinga sem þeim tengjast, var haldinn 5. nóvember 1987. Þátttakendur voru ÁSn, KE og HSs. Rætt var um stöðu vatnamælinga á ákveðnum stöðum, sjá hér á eftir. Reynt var að gera sér grein fyrir á hvaða stöðum mikilvægast væri að endurskoða eða útbúa rennslisraðir, sem nýtast við forathuganir. Eins og vitað er hefur á undanförunum árum verið gert stór átak í vatnamælingum, margir nýir síritar verið reistir, aðrir endurbyggðir, strengjabrautir verið reistar og lykjar endurskoðaðir (mældir upp á nýtt). Í framhaldi af þessu er mjög æskilegt að nýta vel alla þessa vinnu og fjármagn sem búið er að leggja í vatnamælingar. Endurreikna þarf marga virkjunarkosti þar sem búið er að afla mun betri gagna en áður var og eins að athuga kosti þar sem ný rennslisgögn hafa bætst við. Áður en það er hægt eða samhliða þarf að útbúa rennslisraðir og framkvæma aðrar vatnafræðilegar athuganir.

Hér á eftir verða taldir upp nokkrir staðir (virkjunarkostir) sem líklega ættu að hafa forgang.

Yfirlit þetta var endurskoðað (og bætt við það) í apríl 1990 (HSs).

- Hvítá í Borgarfirði, Kljáfoss:**  
Hér þarf að endurskoða rennslisröð og endurreikna virkjunarkost.
- Vestfirðir:**  
Athuga með að endurreikna virkjunarkosti, t.d í Hvalá. Rennslismat ætti að vera skárri en í síðustu forathugun. Fleiri staðir koma til greina (Þverá, Skötufjörður og Vatnsfjarðará).
- Skagafjörður; Stafnsvötn og Villinganes:**  
Síðan síðasta forathugun var gerð á svæðinu hafa bætst við nýir síritar, rennslisraðir verið endurskoðaðar og fl. sem bætir mjög þá vitneskju sem fyrir var á svæðinu. Mjög tímabært að endurreikna rennsli til virkjana, virkjað rennsli og virkjunarkosti í framhaldi af því.
- SmávirkJun við Hofsós:**  
Allt í lagi að kanna.
- Skjálfandafljót við Íshólsvatn:**  
Búið er að reisa nýjan sírita á virkjunarstað, reisa strengjabrautir, enduræla lykjar við Goðafoss og fl. Mætti nú útbúa betri rennslisraðir og endurreikna virkjað rennsli og virkjunarkosti.
- Skjálfandafljót ofan við Íshólsvatn:**  
Vantar sírita og kort?
- Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum:**  
Rennslismat hefur verið bætt, mætti fljótlega endurreikna.
- Fjarðará Seyðisfirði:**  
Nýr síriti, tímabært að kanna eftir ca. 1 ár.

9. **Sandá í Þistilfirði:**  
Allt í lagi til að athuga.
10. **Norðurdalsvirkjun, Múli/Hraun:**  
Rennslismat?
11. **Geithellnaá, Hamarsá og Fossá í Berufirði:**  
Allt er fyrir hendi til að gera áætlanir um virkjanir á þessum svæðum. Lítið mál að útbúa nothæfar rennslisraðir.
12. **Hverfisfljót:**  
Mætti athuga.
13. **Skaftá:**  
Nýr síriti kominn.
14. **Hólmsá:**  
Hægt er að gera forathugun, ný kort og rennsli nægilega þekkt.
15. **Markarfljót:**  
Hér væri hægt að búa til fyrstu rennslisröðina sem byggir á eiginlegum mælingum í fljótinu sjálfu og endurreikna síðan virkjunarkosti.
16. **Búðarháls-Langalda:**  
Ekkert til fyrirstöðu að athuga virkjun á milli Hrauneyjarfoss og Sultartanga.
17. **Efri-Þjórsá:**  
Þarf að biðja í ca. 2 ár vegna nýs vhm við Dynk og nota tímann til að endurmeta og kanna betur rennsli, t.d. í Kvíslaveitu og við Norðlingaöldu.
18. **Neðri-Þjórsá:**  
Biðja eftir suðurlandsskjálfta?
19. **Hvítá í Árnassýslu:**  
Komin eru viðbótar kort og nýir síritar. Mætti bæta rennslismat og endurreikna eftir 2-3 ár.
20. **Efstidalur Brúará:**  
Mætti athuga.